

7.05.2025 (#2 2025-2026) kl. 9:30

Fundurinn fór fram í gegnum fjarfundarbúnað

Mætt voru stjórnarmennirnir **Valerie Maier, Jón Axelsson, Rósfríð Kristín Áslaugsdóttir, Hörður Sigurðarsson, Sigríður Hallgrímsdóttir, og Ragnar Fjalar Sævarsson** sem jafnframt ritaði fundargerð. Þá sat Geir Ómarsson framkvæmdastjóri fundinn.

Fjarverandi: Katrín Pálsdóttir og Elíabet Einarsdóttir.

Valerie Maier stýrði fundinum.

Dagskrá fer fram í samræmi við fundarboð:

1. Fundargerð upplýsingar fundar
2. Fjárhagstaða og gjaldkeri ÞRÍ
3. Nefndarvinna
4. ÍSÍ þing og kosningar
5. Unglinga- og barnaþríþraut
6. Upplýsingar um Guðlaug Eddu
7. Styrktaraðliðar
8. Fjölmíðlar og social media
9. Fundartímar og næsti fundur
10. Önnur mál

1. Fundargerð síðasta fundar

Valerie leggur fram fundargerð síðusta fundar sem var send stjórnarfólki í tölvupósti fyrir fundinn og biður stjórnarfólk um að koma með athugasemdir eða staðfesta fundargerðina. Engin athugasemd.

Fundargerð samþykkt

2. Fjárhagstaða og gjaldkeri ÞRÍ

Geir fór yfir stöðu fjármála þar sem fyrstu fjórir mánuðirnir voru skoðaðir. Samkvæmt Geir er allt samkvæmt fjárhagsáætlun. Geir fór einnig í gegnum fjárhagsáætlunina fyrir árið 2025. Þar er gert ráð fyrir óverulegu tapi á árinu.

Þá kom fram í máli Valerie og Geirs að ÞRÍ vanti nýjan gjaldkera úr stjórn. Rósfríð steig fram og bauðst til að taka stöðu gjaldkera og hún var kosin með atkvæðum allra.

3. Nefndarvinna

Þessi liður hefur verið á dagskrá á hverjum stjórnarfund. Það eru komnir nýjir nefndarformenn fyrir allar nefndirnar fimm.

Nefndir og nefndarformenn ÞRÍ eru eftirafarandi:

Mótanefnd

Jose Jorge (Formaður 2023-2026)

Afreksnefnd

Sigurður Örn Rangarsson (Formaður 2025-2026)

Dómaranefnd

Margrét M. Magnúsdóttir (Formaður 2023-2025)

Siðanefnd

Ingi Poulsen (Formaður 2023-2025)

Fræðslu og útbreiðslunefnd

Grischa Liebel (Formaður 2025-2026)

Dómaranefnd – reglur hafa verið uppfærðar miðað við nýjustu reglur World Triathlon. Þær eru núna komnar á vef ÞRÍ. Þá er það komið í ferli að senda dómara á erlend mót og Level 2 námskeið. Á fjárhagsáætlun hefur ennig verið gert ráð fyrir kostnaði vegna ferða dómara erlendis. Aðrar nefndir eins og afreksnefnd og mótanefnd eru að hefja störf og fyrstu fundir boðaðir á næstunni.

Það þarf að skipa í nefndirnar og stjórna þarf að fá lista yfir nefndarfólk frá nefndarformönnum. Fræðslunefnd hefur ekki verið virk en nú er kominn nýr nefndarformaður og vonandi verður starf nefndarinnar öflugra í framhaldinu. Nefndin á að leggja áherslu á menntun þjálfara og námskeið. Það kom fram að það mætti auka vægi útbreiðsluhlutans í stefnu nefndarinnar.

4. ÍSí þing og kosningar

Sirry og Geir ætla að fara á ÍSí þing fyrir hönd ÞRÍ. Það fór fram umræða um frambjóðendur til forseta ÍSí og frambjóðendur í í stjórn.

5. Unglinga- og barnaþríþraut

Einn skóli hefur bæst við á Akureyri. Sumarnámskeið verður aftur haldið í ár, rétt eins og í fyrra. Verður haldið í Kópavogi. 3SH ætlar að nota barnakeppnina sína. Hugmynd að Guðlaug Edda fari með norður til Akureyrar.

6. Upplýsingar um Guðlaug Eddu

Geir átti fund með Guðlaugu Eddu nú nýlega. Hún er skráð í keppni í Japan í lok maí og aðrar keppnir sem koma til greina nú á næstunni eru í Marakkó og Túnis. Mikilvægt er að hún fari á Evrópukeppnina í

Sprettpraut og svo í ólympísku keppnina í Istanbul. Spurning hvort hún gæti skráð sig í pro flokkinn í Cascais og farið með öllum Íslendingunum í haust. Ef Guðlaug Edda hyggst stefna á Ólympíuleikana 2028, þá getur ÞRÍ mögulega sótt um Olympic solidary styrk.

7. Styrktaraðliðar

Það kom fram í máli Valerie að ÞRÍ vanti styrktaraðila. Það eru klárlega tækifæri að fá eitthvað fyrirtæki til að styrkja með því að búa til mótaseríu. Samþykkt var að setja saman glærupakka og leita styrkja fyrir að minnsta kosti tímatöku sem er um 600.000 kr á ári.

8. Fjölmiðlar og social media

Það fór fram umræða um mikilvægi þess að styðja við félögin í gerð samfélagsefnis og auglýsinga á samfélagsmiðlum. Upp kom hugmynd um að ÞRÍ myndi aðstoða félögin með því að sameina þessa vinnu undir merkjum ÞRÍ. Félögin gætu svo notað 100.000 kr styrkinn inn í þessa vinnu.

Til að auka umfjöllun um þrípraut ætlar Geir að reyna að fá RÚV til að mæta og fjalla um keppnir sumarsins.

9. Fundartímar og næsti fundur

Það var umræða um heppilega fundartíma og stjórnarfolk var almennt tilbúið til að funda í miðri viku á vinnutíma. Samþykkt var að boða til næsta fundar í byrjun júní.

10. Önnur mál

Engin önnur mál voru á dagskra.

Fundi slitið kl.12:20

Næsti stjórnarfundur

11. júní 2025.

Samþykkt

Fundargerð yfirfarin og samþykkt án athugasemda af öllum fundarmönnum